Kennsluáætlun - Íslenska / Landnámið
Aðal kennslustund - Haustönn 2026 - 4 vikur
3.-4. Bekkur
2026-2027
Waldorfskólinn Sólstafir
Kennari: Guðbrandur Bragason

Lýsing á námslotu:
Í þessari námslotu er efniviðurinn Landnám Íslands. Byrjað er á því að ræða við nemendur um fæðingu eyjarinnar okkar í miðju Atlantshafinu. Í kjölfarið eru kynntir til sögunnar nokkrir landnámsmenn, hvaðan þeir komu, af hverju og hvar þeir settust að. Nemendur setja sig í spor þeirra og leiða hugann að því hvað þeir myndu hafa með sér í sömu aðstæðum.

Verkefni:
- Ritað og teiknað í verkefnabækur
- Farið í útleiki sem tengjast námsefninu og munir unnir með bívaxi
- Heimsókn á Landnámssýninguna í Aðalstræti. Umræður um sýninguna og aðstæður fólks á landnámstímanum.

Hæfniviðmið
Að nemandi geti..
- hlustað með athygli á upplestur eða fluttning á efni hvort sem er, leiksýning, saga, ljóð eða munnleg frásögn.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- Farið á sýningu og nýtt sér þann fróðleik sem þar er boðið upp á og rætt upplifun sína að sýningu afstaðinni.

Ítarefni/kennslubækur
- Komdu og skoðaðu Landnámið
- Hinar ýmsu fræðibækur úr fórum kennara
- Landnámssýningin

Námsmat, litið er til þessara þátta:
- Virkni og þátttaka í tímum.
-Vinnubrögð og frágangur.
- Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.